

Könnun meðal leikskólastjóra á
innleiðingu og framkvæmd laga um
leikskóla

UNNIÐ FYRIR MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

JÚNÍ 2010

EFNISYFIRLIT

Yfirlit framkvæmdar	4
Framkvæmd og heimtur.....	5
Framsetning niðurstaðna	9
Niðurstöður.....	10
Foreldrar.....	10
Starfsfólk.....	15
Skólanámskrá	17
Mat	22
Sveitarfélag.....	24
Sérfræðipjónusta.....	28
Viðauki - spurningalistinn.....	36

YFIRLIT FRAMKVÆMDAR

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir:	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að meta hvernig leikskólastjórum hefur gengið að innleiða ný lög um leikskóla
Rannsóknaraðferð	Netkönnun, tvær ítrekanir rafrænt og símaítrekun í lokin
Rannsóknartímabil	12. maí til 9. júní
Dagsetning skýrsluskila	30. júní 2010

Svarhlutfall

Fjöldi í þýði	280
Fjöldi svarenda	280
Svarhlutfall	100%

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd, úrvinnsla og skýrslugerð	Hrefna Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Félagsvísindastofnunar
-------------------------------------	--

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í skýrslu þessari greinir frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 90/2008 um leikskóla sem fór fram á tímabilinu 12. maí til 9. júní 2010. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig leikskólastjórum gengur að innleiða ný lög um leikskóla auk þess sem hún er hluti af eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með leikskólastarfi.

Lögð var rík áhersla á að fá svör frá öllum leikskólum og við innköllun svara var vísað til eftirlitsskyldu ráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um leikskólahald.

Könnunin var rafræn og var spurningalisti sendur á netföng leikskólastjóra 285 leikskóla miðvikudaginn 12. maí og einn leikskólastjóri fékk könnunina senda á pappír. Í fimm tilvikum svaraði leikskólastjóri fyrir tvo leikskóla þar sem þeir voru undir sama hatti og í einu tilviki var verið að leggja leikskóla niður. Heildarþýði var því að lokum 280 leikskólar.

Eftir tvær ítrekanir sem sendar voru á netföng leikskólastjóra 19. og 25. maí höfðu svör borist frá 163 leikskólastjórum eða 58%. Þá tók við ítrekun þar sem hringt var í alla þá sem áttu eftir að svara. Ítrekun í síma stóð til 9. júní en þá höfðu allir leikskólastjórnir svarað könnuninni.

Nöfn leikskóla:

Barnaheimilið Ós	Leikskólinn Álfatún	Leikskólinn Dalborg
Heilsuleikskólinn Krókur	Leikskólinn Álfheimar	Leikskólinn Dalur
Heilsuleikskólinn Suðurvellir	Leikskólinn Álftaborg	Leikskólinn Drafnaborg
Heilsuleikskólinn Urðarhóll	Leikskólinn Árborg	Leikskólinn Dvergasteinn
Leikskóladeild Auðarskóla	Leikskólinn Árbær	Leikskólinn Efstihjalli
Leikskóladeild Grímseyjarskóla	Leikskólinn Ásar	Leikskólinn Engjaborg
Leikskóladeild Hríseyjarskóla	Leikskólinn Ásborg	Leikskólinn Eyrarskjól
Leikskóladeild Lágafellsskóla	Leikskólinn Ásgarður	Leikskólinn Fagrabrekka
Leikskóladeild Varmárskóla	Leikskólinn Ástún	Leikskólinn Fálkaborg
Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla	Leikskólinn Bakkaborg	Leikskólinn Fellaborg
Leikskóli Hjallastefnunnar, Vífilsstaðir	Leikskólinn Bakkaskjól	Leikskólinn Fífuborg
Leikskóli Hraunvallaskóla	Leikskólinn Bakki	Leikskólinn Fífusalir
Leikskóli KFUM og KFUK	Leikskólinn Balaborg	Leikskólinn Flúðir
Leikskóli Krikaskóla	Leikskólinn Barnaborg Aðaldal	Leikskólinn Foldaborg
Leikskólinn 101	Leikskólinn Barnaból, Langanesbyggð	Leikskólinn Foldakot
Leikskólinn Aðalþing	Leikskólinn Barnaból, Skagaströnd	Leikskólinn Fossakot
Leikskólinn Akrasel	Leikskólinn Barnabær	Leikskólinn Funaborg
Leikskólinn Akur	Leikskólinn Barónsborg	Leikskólinn Furuborg
Leikskólinn Andabær	Leikskólinn Baugur	Leikskólinn Furugrund
Leikskólinn Araklettur	Leikskólinn Berg	Leikskólinn Furukot
Leikskólinn Amarberg	Leikskólinn Bergheimar	Leikskólinn Garðaborg
Leikskólinn Amarborg	Leikskólinn Birkilundur	Leikskólinn Garðasel, Akranesi
Leikskólinn Arnarsmári	Leikskólinn Bjarkatún	Leikskólinn Garðasel, Reykjanesbæ
Leikskólinn Askja	Leikskólinn Bjarmi	Leikskólinn Gefnaborg
Leikskólinn Austurborg	Leikskólinn Blásalir	Leikskólinn Geislabaugur
Leikskólinn Álfaberg	Leikskólinn Brákarborg	Leikskólinn Gimli
Leikskólinn Álfaborg, Reykholt	Leikskólinn Brekkuborg	Leikskólinn Glaðheimar, Bolungarvík
Leikskólinn Álfaborg, Svalbarðseyri	Leikskólinn Brekkubær	Leikskólinn Glaðheimar, Skagafirði
Leikskólinn Álfaheiði	Leikskólinn Brimver	Leikskólinn Glaumbær
Leikskólinn Álfasteinn, Hafnarfirði	Leikskólinn Brúarási	Leikskólinn Grandaborg
Leikskólinn Álfasteinn, Hörgárbyggð	Leikskólinn Bæjarból	Leikskólinn Grænaborg

Nöfn leikskóla/frh:

Leikskólinn Grænatún	Leikskólinn Hólaborg	Leikskólinn Krakkaborg
Leikskólinn Grænigarður	Leikskólinn Hólabær	Leikskólinn Krakkakot, Álftanesi
Leikskólinn Grænuvellir	Leikskólinn Hólmasól	Leikskólinn Krakkakot, Hornafirði
Leikskólinn Gullborg	Leikskólinn Hraunborg	Leikskólinn Krakkakot, Langanesbyggð
Leikskólinn Gullkistan	Leikskólinn Hraunborg, Borgarbyggð	Leikskólinn Krílabær
Leikskólinn Hagaborg	Leikskólinn Hulduberg	Leiksk. Krílabær, Gr.skóla Raufarhafnar
Leikskólinn Hamraborg	Leikskólinn Hulduheimar, Árborg	Leikskólinn Krílakot, Dalvík
Leikskólinn Hamrar	Leikskólinn Hulduheimar, Reykjavík	Leikskólinn Krílakot, Ólafsvík
Leikskólinn Hamravellir	Leikskólinn Hvammur	Leikskólinn Kríuból
Leikskólinn Háaleiti	Leikskólinn Hæðarból	Leikskólinn Krógaból
Leikskólinn Hádegishöfði	Leikskólinn Hörðuvellir	Leikskólinn Krummafótur
Leikskólinn Hálsaborg	Leikskólinn Iðavöllur	Leikskólinn Krummakot
Leikskólinn Hálsakot	Leikskólinn Jöklaborg	Leikskólinn Kvarnaborg
Leikskólinn Heiðarborg	Leikskólinn Jörfi	Leikskólinn Kvistaborg
Leikskólinn Heiðarsel	Leikskólinn Jötunheimar	Leikskólinn Kæribær, Fáskrúðsfirði
Leikskólinn Heklukot	Leikskólinn Kató	Leiksk. Kæribær, Kirkjubæjarklaustri
Leikskólinn Hjallatún	Leikskólinn Kátaborg	Leikskólinn Laufás
Leikskólinn Hjalli	Leikskólinn Kátakot Dalvíkurskóla	Leikskólinn Laufásborg
Leikskólinn Hlaðhamrar	Leikskólinn Kiðagil	Leikskólinn Laufskálar
Leikskólinn Hlíð	Leikskólinn Kirkjuból	Leikskólinn Laugaborg
Leikskólinn Hlíðaborg	Leikskólinn Kirkjugerði	Leikskólinn Laugalandi
Leikskólinn Hlíðaból	Leikskólinn Kjarrið, Garðabæ	Leikskólinn Laut
Leikskólinn Hlíðarberg	Leikskólinn Kjarrið, Kópavogi	Leikskólinn Leikbær
Leikskólinn Hlíðarendi, Hafnarfirði	Leikskólinn Klambrar	Leikskólinn Leikgarður
Leikskólinn Hlíðarendi, Reykjavík	Leikskólinn Klettaborg, Borgarbyggð	Leikskólinn Leikholt
Leikskólinn Hnoðraból	Leikskólinn Klettaborg, Reykjavík	Leikskólinn Leikhólar
Leikskólinn Hof	Leikskólinn Kofrasel	Leikskólinn Leikskálar
Leikskólinn Holt	Leikskólinn Korpukot	Leikskólinn Lindarborg
Leikskólinn Holtaborg	Leikskólinn Kópahvoll	Leikskólinn Litlihjalli
Leikskólinn Holtakot, Akureyri	Leikskólinn Kópasteinn	Leikskólinn Litlu-Ásar
Leikskólinn Holtakot, Álftanesi	Leikskólinn Kór	Leikskólinn Lundaból

Nöfn leikskóla/frh:

Leikskólinn Lundarsel	Leikskólinn Skerjagarður	Leikskólinn Tjarnarborg
Leikskólinn Lundur	Leikskólinn Skógarborg	Leikskólinn Tjarnarbær
Leikskólinn Lyngheimar	Leikskólinn Skógarland	Leikskólinn Tjarnarland
Leikskólinn Lyngholt	Leikskólinn Skógarsel	Leikskólinn Tjarnarsel
Leikskólinn Lækjaborg	Leikskólinn Skýjaborg	Leikskólinn Tjarnaskjól
Leikskólinn Lækjarbrekka	Leikskólinn Smárahvammur	Leikskólinn Tröllaborg
Leikskólinn Lönguhólar	Leikskólinn Smáralundur	Leikskólinn Tröllaborgir
Leikskólinn Marbakki	Leikskólinn Sólbakki	Leikskólinn Ugluklettur
Leikskólinn Maríuborg	Leikskólinn Sólborg, Ísafirði	Leiksk. Undraland, Hrunamannahreppi
Leikskólinn Mánabrekka	Leikskólinn Sólborg, Reykjavík	Leikskólinn Undraland, Hveragerði
Leikskólinn Mánagarður	Leikskólinn Sólborg, Sandgerði	Leikskólinn Vallaból
Leikskólinn Múlaborg	Leikskólinn Sólbrekka	Leikskólinn Vallarsel
Leikskólinn Mýri	Leikskólinn Sólgarður	Leikskólinn Vesturberg, Reykjanesbæ
Leikskólinn Naustatjörn	Leikskólinn Sóhlíð	Leikskólinn Vesturborg, Reykjavík
Leikskólinn Njálshólar	Leikskólinn Sólhvörf	Leikskólinn Vesturkot
Leikskólinn Norðurberg	Leikskólinn Sóli	Leikskólinn Vinagerði
Leikskólinn Nóaborg	Leikskólinn Sólvellir, Grundarfirði	Leikskólinn Vinaminni
Leikskólinn Núpur	Leikskólinn Sólvellir, Neskaupstað	Leikskólinn Vindheimar
Leikskólinn Óskaland	Leikskólinn Sólvellir, Seyðisfirði	Leikskólinn Víðivellir
Leikskólinn Pálmholt	Leikskólinn Stakkaborg	Leikskólinn Völlur
Leikskólinn Rauðaborg	Leikskólinn Steinhlíð	Leikskólinn Völvuborg
Leikskólinn Rauðhóll	Leikskólinn Stekkjarás	Leikskólinn Ylur
Leikskólinn Regnboginn	Leikskólinn Stykkishólmi	Leikskólinn Ægisborg
Leikskólinn Reykjakot	Leikskólinn Suðurborg	Leikskólinn Æskukot
Leikskólinn Reynisholt	Leikskólinn Suður-Vík	Leikskólinn Örk
Leikskólinn Rjúpnahæð	Leikskólinn Sunnuborg	Leikskólinn Ösp
Leikskólinn Rofaborg	Leikskólinn Sunnuból	Ungbarnaleikskólinn Ársól
Leikskólinn Seljaborg	Leikskólinn Sunnuhvoll	Waldorfleikskólinn Sólstafir á Höfn
Leikskólinn Seljakot	Leikskólinn Sæborg	Waldorfleikskólinn Sólstafir, Rvk
Leikskólinn Síðusel	Leikskólinn Sælukot	Waldorfleikskólinn Ylur
Leikskólinn Sjáland	Leikskólinn Teigasæl	
Leikskólinn Sjónarhóll	Leikskólinn Tjarnarás	

Á lista yfir leikskóla frá mennta -og menningarmálaráðuneytinu voru einnig eftirfarandi leikskólar:

- Leikskólinn Araklettur. Leikskólastjóri Tjarnarbrekku svarar einnig fyrir hann.
- Leikskólinn við Húnavelli. Leikskólastjóri Vallarbóls svarar einnig fyrir hann.
- Leikskóli Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Leikskólastjóri Leikholts svarar einnig fyrir hann.
- Leikskólinn Smábær. Leikskólastjóri Leikskóladeildar Hríseyjabæjar svarar einnig fyrir hann.
- Leikskólinn Varmalandi. Verið er að leggja leikskólann að Varmalandi niður og var ákveðið að svör frá leikskólastjóra hans þyrfti ekki.
- Leikskólinn Öldukot. Leikskólastjóri Tjarnarborgar svarar einnig fyrir hann.

FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Niðurstöður eru settar fram í töflum og texta. Í einstaka töflum er samanlagður fjöldi skóla sem svarar ekki 280. Ástæðan fyrir því er annars vegar að í nokkrum tilvikum svöruðu ekki allir leikskólastjórar viðkomandi spurningu þótt þeir hafi átt að gera það. Hins vegar áttu sumar spurningar ekki við alla og þá er fjöldi leikskólastjóra sem svarar í samræmi við það.

NIÐURSTÖÐUR

FORELDRAR

Í fyrstu spurningu könnunarinnar var spurt hvort það væri starfandi foreldrafélag við leikskólann, sbr. 10. grein laga um leikskóla. Um 94% leikskólastjóra sagði svo vera (sjá töflu 1).

Tafla 1. Er starfandi foreldrafélag við leikskólann, sbr. 10. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	263	93,9%
Nei, foreldrar hafa ekki óskað eftir stofnun þess	6	2,1%
Nei, önnur ástæða	11	3,9%
Alls	280	100%

Eins og sjá má í töflu 1 þá var ekki starfandi foreldrafélag í 6% leikskólanna. Um 2% leikskólastjóra sögðu foreldra ekki hafa óskað eftir stofnun þess og 3,9% gáfu upp aðrar ástæður. Aðrar ástæður sem gefnar voru upp voru til dæmis að skólinn væri fámennur, að foreldrafélag og foreldraráð væri undir sama hatti eða að eitt foreldrafélag væri fyrir skólann þar sem hann væri samrekinn leik- og grunnskóli.

Á bilinu einn til 16 aðilar voru í stjórn foreldrafélaga leikskólanna. Að meðaltali voru 5,5 aðilar í stjórn foreldrafélags og voru konur hlutfallslega fleiri en karlar. Hlutfall kvenna í stjórn foreldrafélaga leikskóla var að meðaltali 85% (sjá töflu 2).

Tafla 2. Stjórn foreldrafélaga leikskóla.

Fjöldi í stjórn foreldrafélaga að meðaltali	5,5
Hlutfall kvenna í stjórn foreldrafélaga að meðaltali	85,0%
Hlutfall karla í stjórn foreldrafélaga að meðaltali	15,0%

Við meirihluta leikskólanna (82,5%) var starfandi foreldraráð. Í 49 leikskólum var ekki starfandi foreldraráð og sögðu leikskólastjórar sjö þeirra að þeir væru með undanþágu vegna þess samþykta af sveitarfélagi en 42 gáfu upp aðrar ástæður (sjá töflu 3).

Tafla 3. Er starfandi foreldraráð við leikskólann, sbr. 11. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	231	82,5%
Nei, er með undanþágu samþykkt af sveitarfélagi	7	2,5%
Nei, önnur ástæða	42	15,0%
Alls	280	100%

Á bilinu einn til níu aðilar voru í foreldraráðum leikskólanna. Að meðaltali voru 3,6 aðilar í foreldraráði og voru konur hlutfallslega fleiri en karlar. Hlutfall kvenna í foreldraráðum leikskóla var að meðaltali 80% (sjá töflu 4).

Tafla 4. Foreldraráð leikskóla.

Fjöldi í foreldraráði að meðaltali	3,6
Hlutfall kvenna í foreldraráði að meðaltali	80,1%
Hlutfall karla í foreldraráði að meðaltali	19,9%

Ástæður sem gefnar voru fyrir því að foreldraráð væri ekki starfandi við leikskólann voru margar á þá leið að stofnun þess væri í vinnslu. Þá var smæð skólans oft nefnd sem ástæða. Auk þess kom fram að foreldraráð væri sameiginlegt með grunnskóla og heyrði því ekki beint undir leikskólann.

Leikskólastjórar þeirra leikskóla sem voru með starfandi foreldraráð voru spurðir hvort það hefði sett sér starfsreglur, sbr. 11. gr. laga um leikskóla. Innan við helmingur hafði gert það og í rúmlega helmingi tilvika voru starfsreglur foreldraráðs í vinnslu. Rúm 7% leikskólastjóra sögðu að foreldraráð hefði ekki sett sér starfsreglur (sjá töflu 5).

Tafla 5. Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur, sbr. 11. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	93	40,3%
Er í vinnslu	121	52,4%
Nei	17	7,4%
Alls	231	100%

Spurt var um ástæður þess að foreldraráð hefði ekki sett sér starfsreglur og voru skýringar á því af ýmsum toga. Talað var um að ekki hefði gefist tími til þess, að ráðið hefði ekki verið nógu virkt auk þess sem upplýsingar þótti vanta um reglurnar.

Helstu verkefni 93% foreldraráða voru að gefa umsögn um starfsáætlun og helstu verkefni 90% foreldraráða voru að gefa umsögn um skólanámskrá. Þá komu 45% leikskólastjóranna með önnur dæmi um hver helstu verkefni foreldraráðsins væru (sjá töflu 6).

Tafla 6. Hver eru helstu verkefni foreldraráðs?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Að gefa umsögn um starfsáætlun	215	93,1%
Að gefa umsögn um skólanámskrá	207	89,6%
Annað	104	45,0%

Verkefni foreldraráðs geta greinilega verið margbreytileg eins og dæmin hér á eftir sýna. Foreldraráð kemur að ýmsum þáttum í starfi leikskóla eins og til dæmis ársskýrslu, foreldrahandbók, heimasíðu eða ákvarðanatökum varðandi sumarleyfi. Auk þess nefna margir að ráðið styðji við ákvarðanir um starf eða breytingar í starfsemi leikskólans. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um helstu verkefni foreldraráðs hjá leikskólum landsins.

Að gefa umsögn um allar breytingar sem varða stefnu og starfshætti skólans.
Að styðja við starfið svo við getum boðið upp á sveitaferð, dans, öfluga jólaskemmtun og sumarhátíð og fleira.
Að vera með í ákvörðunartökum um starf leikskólans.
Allar meiriháttar breytingar á starfi leikskólans og um ábendingar frá foreldrum og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf leikskólans.
Annast rekstur leikskólans.
Áfallaáætlun þetta árið.
Áætlun um nýtingu fjármagns, áætlanir um byggingu og viðhald byggingar og kaup á búnaði.
Efla samvinnu.
Einnig skal foreldraráð vinna að því að efla upplýsingaflæði á milli skólans og foreldra.
Eru með í ákvarðanatöku um hvað á að leggja áherslu á í starfinu og hvað er á vegum foreldrafélagsins.
Fá upplýsingar um rekstur, viðhaldsmál. Hafa tekið þátt í umræðum um v/gjaldskrár, sumarlokunar.
Fylgjast með sjálfsmati.

Hittast reglulega og fá upplýsingar frá leikskólastjóra t.d.af starfsmannafundum. Þegar málefni leikskóla eru á dagskrá skólanefndar situr einn fulltrúi úr foreldraráði.
Stuðla að samvinnu og skoðanaskiptum um uppeldismál.
Styrkja stjórnendur í starfi.
T.d. leggja fyrir foreldra skoðanakannanir um ýmislegt er varðar skólastarfið eða breytingar.
Umsögn um foreldrahandbók, umsögn um heimasíðu skólans, þátttaka í sjálfsmati á námsviðum skólans, lesið yfir lög og reglugerðir, umræða um agastefnu, umhverfisverkefni skólans og ýmis önnur málefni tengd innra starfinu.
Útgáfa kynningarefnis fyrir nýja foreldra.

Meirihluti eða 84% leikskólanna sagðist leitast við með einum eða öðrum hætti að tryggja að foreldrar sem þurfa aðstoð við túlkun upplýsinga, fái hana. Í tæpum 16% tilvika reyndist ekki vera þörf fyrir slíka þjónustu (sjá töflu 7).

Tafla 7. Leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla, sbr. 9. grein laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	235	83,9%
Ekkert er gert	1	0,4%
þarf ekki	44	15,7%
Alls	280	100%

Langflestir leikskólanna eða rúm 90% kalla til túlk þegar á þarf að halda í samskiptum leikskólans við foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál. Þá notast um 40% leikskólanna við þýðingar á bæklingum eða öðru prentuðu efni frá leikskólanum. Um 15% eru með upplýsingar á heimasíðu á fleiri en einu tungumáli og um 12% notast við reglubundna túlkþjónustu. Þá nefndu 35% aðrar leiðir sem notast væri við í samskiptum við þennan hóp foreldra (sjá töflu 8).

Tafla 8. Hvernig leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall af svarendum
Túlkur kallaður til þegar á þarf að halda	212	90,2%
Þýðing á bæklingum og öðru prentuðu efni frá leikskólanum	93	39,6%
Upplýsingar á heimasíðu eru á fleiri en einu tungumáli	35	14,9%
Reglubundin túlkabjónusta	29	12,3%
Annað	82	34,9%

Nokkuð var um að erlendir starfsmenn á leikskólunum gegndu hlutverki túlka. Þá kom fram að notast væri við efni á erlendum tungumálum frá leikskólasviði og að brugðist væri við þörfum foreldra hvað þetta snertir ef þeir sóttust sjálfir sérstaklega eftir því. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um leiðir sem notaðar voru á leikskólum til að eiga samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku eða tala táknmál.

Auglýsingar settar upp á viðkomandi tungumáli ef þörf er á.
Ef grunur leikur á að eitthvað komist ekki til skila til foreldra sem tala ekki íslensku er þeim boðið í samtal til að tryggja að allt komist til skila.
Ef um erlenda foreldra er að ræða er það borið undir þá hvort þeir óski eftir túlki eða hvernig þjónustu þeir fái.
Erlendir foreldrar óska eftir því að fá að lesa á íslensku en biðja sjálf um hjálp hjá starfsfólki ef það ekki skilur. Þeim er því gefinn kostur á að reyna sjálf.
Fjarfundabúnaður, ef þarf.
Fjórir af starfsmönnum skólans hafa annað móðurmál en íslensku, það hefur komið sér vel í daglegum samskiptum.
Í fyrsta viðtali fá foreldrar þá upplýsingabæklinga sem til eru á viðkomandi tungumáli, og túlkur fer yfir starfsáætlun og námskrá.
Í leikskólanum starfa erlendir starfsmenn.
Notast við efni af vefnum www.allirmed.is . Ekki hefur verið þörf fyrir táknmálstúlk hingað til, en ef þyrfti þá yrði kallaður til túlkur.
Notum erlendan starfsmann til að túlka fyrir okkur.
Persónuleg samskipti þar sem kennarar og starfsfólk tala ýmis tungumál.
Reynum að koma skilaboðum til foreldra með myndum, notumst við orðalista sem Reykjavíkurborg hefur útbúið, þýðum á ensku það sem við getum gert sjálfar ef foreldrar skilja ensku.

Starfsfólk þýðir eftir því sem við á.
Sumar upplýsingar á heimasíðu eru á fleiri en einu tungumáli, við höfum einnig ráðið starfsmenn af erlendum uppruna.
Tölvupóstur á ensku til viðkomandi.
Ýmis gögn unnin til foreldra og gögn af síðu Leikskólasviðs „Allir með“.
Þýdd bréf sett í fatahólf varðandi það sem er að gerast.
Þýðingar sem til eru hjá Leikskólum Reykjavíkur.

STARFSFÓLK

Langflestir leikskólastjórar eða 95% sögðu að leikskólastjóri hefði frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks væri hagað (sjá töflu 9).

Tafla 9. Hefur leikskólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað, sbr. 7. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	266	95%
Nei	14	5%
Alls	280	100%

Þeir 14 leikskólastjórar sem sögðust ekki hafa frumkvæði að símenntun starfsfólks gáfu til dæmis þær skýringar að ekki væri nægileg fjárveiting til að sinna símenntun starfsfólks, að símenntun væri á ábyrgð starfsfólks og að erfitt væri að missa fólk úr vinnu vegna námskeiða.

Meirihluti skólastjóra eða 77% sagðist óska eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá við ráðningu starfsfólks. Tæplega fjórðungur gerði það ekki (sjá töflu 10).

Tafla 10. Er við ráðningu starfsfólks óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 6. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, óskað er eftir sakavottorði	62	22,1%
Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá	154	55,0%
Nei	64	22,9%
Alls	280	100%

Þegar spurt var út í ástæður þess að ekki var óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá var oftast nefnt að lítið sem ekkert hefði verið um ráðningar og einnig að sú krafa væri talin óþörf. Hins vegar kom líka fram eins og sjá má í eftirfarandi svörum að þessi krafa yrði hluti af ráðningaferlinu í framtíðinni.

Eftir að ný lög tóku gildi hefur ekki komið til nýráðninga.
Ekki séð ástæðu til.
Ekki verið hefð fyrir því.
Engar fastráðningar frá 2008.
Er í athugun að óska eftir slíkum upplýsingum.
Hef alltaf þekkt eitthvað til starfsfólksins, en að sjálfsögðu eru þetta góðar ábendingar sem vert er að tileinka sér.
Hefur ekki verið komið á en verður tekið inn í ráðningarsamning í framtíðinni.
Hefur gleymst.
Leikskólastjóri hefur ekki talið ástæðu til þess.
Líklega vegna þess að þeir sem ráðnir hafa verið höfum við þekkt svo ekki talið þörf.
Meðmæli sem leikskólastjóri hefur fengið hjá fyrrverandi vinnuveitendum hafa ekki vakið ástæðu til slíks.
Skólastjóri hefur ekki svar við því.
Starfsmenn heimafólk.
Treystir ummælum fyrri vinnuveitenda.
Þekki það fólk sem hefur verið ráðið til starfa.
Þetta hefur því miður gleymst hjá okkur.

Mikill meirihluti leikskólastjóra í leikskólum landsins hefur leikskólakennaramenntun að baki eða 74%. Lítil hópur skólastjóra er menntaður sem grunnskólakennari eða leik- og grunnskólakennari eða 14%. Rúmlega tíundi hver skólastjóri hefur jafnframt lokið annars konar menntun (sjá töflu 11).

Tafla 11. Hver er menntun skólastjóra leikskólans, sbr. 6. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Leikskólakennari	206	73,6%
Grunnskólakennari	14	5,0%
Leik- og grunnskólakennari	25	8,9%
Önnur menntun	35	12,5%
Alls	280	100%

Framhaldsmenntun í stjórnun af einhverju tagi var langalgengust sem önnur menntun leikskólastjóra. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um aðra menntun sem leikskólastjórar hafa.

Diplóma gráða í stjórnun frá K.H.Í.
Diplóma í mannauðsstjórnun.
Diplóma í sérkennslufræðum.
Diplómu í stjórnun menntastofnana.
Grunnskólakennari og diploma í skólastjórnun.
Leikskólabrú.
Leikskólastjóri og MBA gráða.
M.ed í uppeldis- og menntunarfræðum.
Meistaragráða í stjórnunarfræði menntastofnana.

SKÓLANÁMSKRÁ

Þegar skoðuð eru skólaár síðastliðinna ára þá luku 32% leikskóla síðustu endurskoðun skólanámskrár leikskólans, sbr. 14. gr. laga, síðastliðið skólaár. Um rúmlega helmingi færri skóla var að ræða árið áður, eða skólaárið 2008-2009 og fer þeim síðan fækkandi hvert ár sem skoðað er aftur í tímann. Fáir skólar höfðu lokið síðustu endurskoðun skólanámskrár leikskólans fyrir árið 2005 eða 7% og 40 leikskólar í landinu hafa ekki gefið út skólanámskrá (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hvenær lauk síðustu endurskoðun skólanámskrár leikskólans, sbr. 14. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Fyrir 2005	19	6,8%
Skólaárið 2005-2006	15	5,4%
Skólaárið 2006-2007	23	8,2%
Skólaárið 2007-2008	45	16,1%
Skólaárið 2008-2009	49	17,5%
Skólaárið 2009-2010	89	31,8%
Skólanámskrá er ekki til	40	14,3%
Alls	280	100%

Ástæður fyrir því að skólanámskrá var ekki til voru misjafnar en oft var ástæðan sú að skólanámskráin væri í vinnslu, að um nýlegan leikskóla var að ræða eða skipulagsbreytingar af einhverjum toga.

Flestir fyrirhuga að endurskoða skólanámskrá skólans næsta skólaár eða 61%. Samanlagt stefna langflestir á endurskoðun skólanámskrár á þessu skólaári sem er að ljúka og næstu tveimur skólaárum eða 94% (sjá töflu 13). Vert er að taka fram að þeir skólar sem ekki hafa gefið út námskrá svara ekki þessari spurningu og því er samanlagður fjöldi svarenda í þessu tilviki 240 í stað 280.

Tafla 13. Hvenær er næsta endurskoðun skólanámskrár skólans fyrirhuguð?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Skólaárið 2009-2010	30	12,5%
Skólaárið 2010-2011	147	61,3%
Skólaárið 2011-2012	49	20,4%
Skólaárið 2012-2013	8	3,3%
Skólaárið 2013-2014	3	1,3%
Síðar	3	1,3%
Alls	240	100%

Af þeim 240 leikskólum sem höfðu gefið út skólanámskrá hafði mikill meirihluti leikskóla kynnt hana fyrir foreldrum eða 95%. Tólf leikskólar höfðu ekki gert það (sjá töflu 14).

Tafla 14. Hefur skólanámskrá verið kynnt fyrir foreldrum, sbr. 14. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	228	95,0%
Nei	12	5,0%
Alls	240	100%

Eins og kom fram í töflu 14 hafa 5% leikskóla ekki kynnt skólanámskrá fyrir foreldrum. Ein af ástæðum sem gefnar voru upp þegar innt var eftir skýringum var að skólanámskráin væri í endurskoðun. Einnig voru dæmi þess að leikskólar væru það nýlega teknir til starfa að vinnu við skólanámskrá var ekki fulllukið eins og sést á eftirfarandi svörum.

Ekki frá 2008. Skólinn skipti um stefnu. Stefna í mótun og foreldrar hafa verið upplýstir um þróun nýju stefnunnar, bæði í gegnum ársáætlun, í fréttabréfum, á opnu húsunum, á foreldrafundum og í daglegum samskiptum.

Ekki sú nýjasta - var verið að endurvinnna.

Er ekki starfandi foreldraráð, en verður kynnt fyrir stjórn foreldrafélagsins þar til foreldraráð verður stofnað.
Er í lokayfirlestri, verður kynnt á haustfundi í september 2010.
Hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
Skólanámskráin hefur ekki verið kynnt í heild sinn fyrir foreldrum, en þeim hefur verið kynnt megináherslur námskrárinnar.
Var bara að koma út eftir áramótin, er enn að bíða eftir að foreldraráð og síðan fræðslunefnd gefi umsögn eða samþykki hana.
Vegna örra breytinga á stjórnendum á þeim tíma þegar námskráin var í vinnslu.

Svo til allir leikskólar landsins sögðust hafa verið í samstarfi við grunnskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla eða 96% (sjá töflu 15).

Tafla 15. Er samstarf milli leik- og grunnskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	269	96,1%
Nei	11	3,9%
Alls	280	100%

Leikskólastjórar leikskóla þar sem samstarf við grunnskóla var fyrir hendi voru beðnir að lýsa hvernig því væri háttað. Oft voru gagnkvæmar heimsóknir nefndar sem og að leikskólabörn fái afnot af til dæmis bókasafni og íþróttasal grunnskólanna. Einnig var oft minnst á heimsóknir grunnskólanemenda í leikskólana ásamt því að efstu bekkingar grunnskóla mættu þangað í starfsnám. Ýmsar hátíðir voru haldnar sameiginlega, svo sem jólahátíðir, Dagur íslenskrar tungu og vorhátíðir. Vorskóli var oft nefndur sem felur í sér heimsókn elsta árgangs leikskólabarna í 1. bekk grunnskóla og taka börnin þátt í starfinu þar nokkra daga á vorönn. Fagfundir kennara á leikskólastigi og grunnskólastigi eru taldir upp sem og skilafundir þar sem farið er yfir persónuupplýsingar þeirra barna sem eru að hefja grunnskólanám að fengnu samþykki foreldra. Þá kom fram að í þeim leikskólum sem væru staðsettir í grunnskóla, væri mikið og náið samstarf. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um hvernig samstarfi milli leik- og grunnskóla er háttað.

Fimm ára börn fara 2var x í viku í íþróttir hjá íþróttakennara, einu x í viku á bókasafn og svo í þrjár lotur til 1. bekkjar. Skilafundur er milli deildarstjóra 5 ára barna og kennara næsta 1. bekkjar á vorin.
Byrjar að hausti með reglulegum heimsóknum nemenda frá leikskólanum, skilafundir starfsmanna skólanna, vorskóli.
Börn í elsta árgangi fara í íþróttir í sal grunnskólans, börnin fara í heimsókn í skólann. Fyrst fara þau í skoðunarferð og hitta þá skólastjóra. Seinni daginn taka þau þátt í kennslustundum, frímínútum með börnum sem eru í 1. bekk. 1. bekkur kemur síðan í heimsókn í leikskólann. Einnig er samstarf er varðar lengda viðveru þ.e. börn í 1. -3. bekk koma í leikskólann þegar skóladegi líkur.
Börnin fara í fjölmargar heimsóknir yfir veturinn, sem endar svo í 3ja daga Vorskóla. Sérkennsluráðgjafi sveitafélagsins og leikskólastjóri/deildarstjóri sitja síðan fund í grunnskólanum og miðla áfram upplýsingum ef með þarf.
Börnin fara í heimsóknir í grunnskólann og grunnskólabörnin koma í heimsóknir til okkar. Mætti alveg vera meira samstarf, hefur frekar minnkað í kveppunni.
Elsti aldurshópurinn fer einn dag í viku á skóladag allan síðasta veturinn í leikskólanum. Skóladagurinn hefst með því að börnin fara inn í bekk hjá yngsta bekk grunnskólans. Síðan er farið út í frímínútur og eftir þær fara leikskólabörnin í heimilisfræði í skólaeldhúsi grunnskólans. Grunn- og leikskólinn eru í tengibyggingu svo samstarfið er mjög mikið. Matsalur leikskólabarnanna er við hliðina á matsal grunnskólabarnanna. Öll börnin í leik- og grunnskóla þekkjast meira eða minna. Þegar líður á síðasta hluta leikskólagöngu elstu barnanna í leikskólanum fara þau með sínum hópstjóra og byrja að æfa sig í að matast í matsal grunnskólans.
Elstu börnin í leikskólanum fara í heimsóknir í fyrsta bekk og vinna ákveðin verkefni allan veturinn í grunnskólahúsnæðinu. Einnig fara þau í íþróttir. 1. bekkur kemur í heimsókn einu sinni á vetri í leikskólann og 7. bekkur einu sinni. Einnig koma börn úr 9. bekk í starfskynningar.
Formlegt samstarf í yfir 20 ár. Skiptiheimsóknir kennara, heimsóknir barna í grunnskólann, fundir stjórnenda og kennara skólastigana. Reynt að hafa samráð um skipulagsdaga.
Fundað mánaðarlega á skólaárinu, skólaheimsóknir, hóparnir hittast í nágrenninu og skemmta sér saman, kennarar skoða samsetninguna á væntalegum nemendum og skilafundur með kennurum fyrsta bekkjar grunnskóla og þrjár dagar aðlögun nemenda sem fara í grunnskólann.
Gagnkvæmar heimsóknir, 1. bekkur kemur í heimsókn í leikskólann, elsti árgangurinn fer í heimsókn nokkrum sinnum yfir vetrartímamann s.s. heimsókn á bókasafn, í leikfimi og heimsókn með foreldrum.
Gagnkvæmar heimsóknir, fundir, sameiginleg verkefni, sameiginleg umsókn í Sprotasjóð, sameiginleg útinámssvæði.
Heimsóknir á báða bóga, skilafundir elstu barna ásamt pappírurum sem fylgja börnunum á milli, samstarf á Degi íslenskrar tungu, afnot af íþróttahúsi grunnskólans, er í þróun ... viljum meiri samskipti við grunnskólann.

<p>Heimsóknir á milli leik og grunnskóla eru 2 sinnum í mánuði. Leikskólabörnin fara í tíma í öllum námsgreinum 1. bekkjar og á vorin er haldin þriggja daga vorskóli.</p>
<p>Hópstjóri elstu barnanna hér í leikskólanum er í góðum tengslum við grunnskólann og eru heimsóknir á báða bóga yfir veturinn. Deildastjóri yngstu barna í grunnskólanum á vörfund með deildastjóra elstu barnanna hér þar sem farið er yfir þá nemendur héðan sem þangað fara. Samstarfið hefur aukist og skýrst sl. ár. Jákvæð þróun.</p>
<p>Í þessum skóla eru einungis nemendur upp að 3ja ára aldri, þannig að samstarf við grunnskólann er orðið meira í að grunnskólanemendur koma hingað. Í vetur vorum við t.d. með nýjung sem gafst afar vel, 10 bekkingar komu hingað til okkar í starfsnám, hver nemandi einn morgun í senn. Upp til hópa voru allir mjög glaðir.</p>
<p>Með skipulögðum heimsóknum elstu nemenda í grunnskólann og fyrstu bekkjum í leikskólann. Kennarar beggja skólastiganna hittast reglulega, kynna störf sín, lesa fagbækur (nú er verið að lesa: Lítil börn með skólatöskur e. Jóhönnu Einarsdóttur), velta upp hugmyndum að enn frekara samstarfi.</p>
<p>Reglulegar heimsóknir í grunnskólann yfir veturinn og þátttaka í ýmsum viðburðum í grunnskólanum s.s. Degi íslenskrar tungu, jólaskemmtun, útileikjadegi, Heimsókn daglega í viku á vorönn þar sem börnin kynnast hinum ýmsu kennslustundum 1-3 kennslustundir á dag. Ferilmöppur fara frá leikskóla til grunnskóla. Fundir kennara beggja skólastiga. Ekki hefur náðst að skipuleggja sameiginlega frídaga (skipulagsdaga) en leikskólinn hefur reynt að aðlaga sig að dögum grunnskólans en það hefur ekki tekist alltaf.</p>
<p>Samrekin skóli. Mikið samstarf og eitt formlegt þróunarverkefni. Elstu nemendur í leikskóla fara þrisvar í viku í vinnu með yngstu nemendum grunnskólans. Elstu nemendur grunnskólans fara einu sinni í viku í leikskólann. Sameiginlegt félagslíf, danskennsla og fleira. Samnýting á leiktækjum að hluta. Allt starfsfólk grunn-, og leikskóla situr saman fundi reglulega.</p>
<p>Samstarf er milli leikskóladeildar og grunnskólans um verkefnið „Brúum bilið“. Til þess að samfella verði í námi barna er talið æskilegt að brúa það bil sem er á milli leikskólans annarsvegar og grunnskólans hinsvegar. Elstu nemendur leikskóladeildar fara einu sinni í viku allt skólaárið inn í grunnskóladeildina og taka þátt í sameiginlegri kennslulotu með yngstu nemendum þar. Starfsmaður frá leikskóla og starfsmaður frá grunnskóla kenna börnunum saman í tímanum.</p>
<p>Tónlistarkennari kemur úr grunnskólanum og kennir tónlist 1 sinni í viku. Iðjuþjálfari kemur og skoðar börn og búnað. Heimsóknir skólahóps í grunnskólann 10 sinnum á ári.</p>

Aðeins ellefu leikskólastjórar sögðu ekkert samstarf vera á milli leikskólans og grunnskólans og voru þeir beðnir um skýringu á því. Í öllum tilvikum nema tveimur var ástæðan sú að um ungbarnaleikskóla var að ræða og því ekki forsenda fyrir samstarfi við grunnskóla. Í einu tilviki var samstarf við grunnskóla í vinnslu og í öðru tilviki var um sjálfstætt starfandi leikskóla að ræða og börnin þar úr mörgum grunnskólahverfum.

Leikskólastjórar þeirra 240 leikskóla sem voru með skólanámskrá voru spurðir hvort í henni væri gerð grein fyrir samstarfi milli leikskólans og grunnskóla. Í meirihluta tilvika (88%) reyndist svo vera (sjá töflu 16).

Tafla 16. Er í skólanámskrá gerð grein fyrir samstarfi milli leikskólans og grunnskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	211	87,9%
Nei	29	12,1%
Alls	240	100%

Skólustjórar þeirra 29 leikskóla sem höfðu ekki gert grein fyrir samstarfi leik- og grunnskóla í skólanámskrá voru beðnir um skýringu á því. Nokkrir tóku fram að um ungbarnaleikskóla væri að ræða og því ætti þessi hluti ekki heima í skólanámskrá þeirra. Þá kom fram að skólanámskráin hefði verið gerð áður en samstarf milli leikskólans og grunnskólans hófst fyrir alvöru og hjá nokkrum var þetta atriði í vinnslu og stefnt á að setja það inn í næstu endurskoðun.

MAT

Meirihluti leikskólastjóra eða 75% sagðist birta opinberlega upplýsingar um innra mat leikskólans, tengsl innra mats við skólanámskrá og/eða áætlanir um umbætur. Af þessum 210 leikskólum sem höfðu birt opinberlega upplýsingar um að minnsta kosti eitt framangreindra atriða birtu flestir upplýsingar um innra mat sitt eða 89%. Rúm 74% birtu opinberlega upplýsingar um áætlanir um umbætur og rúmur helmingur birti opinberlega tengsl innra mats við skólanámskrá (sjá töflu 17).

Tafla 17. Birtir leikskólinn opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl innra mats við skólanámskrá og/eða áætlanir um umbætur, sbr. 18. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Innra mat	186	88,6%
Áætlanir um umbætur	157	74,8%
Tengsl innra mats við skólanámskrá	114	54,3%

Fjórðungur leikskóla birtir ekki opinberlega upplýsingar um þau atriði sem spurt var um og sjá má í töflu 17. Leikskólastjórar voru spurðir hvers vegna það væri ekki gert. Margir gáfu þá skýringu að það hefði ekki verið gert vegna þess að innra mat hefði ekki farið fram. Þá var þetta í vinnslu hjá mörgum og aðrir sögðu að þessi þáttur hefði ekki komist í framkvæmd.

Leikskólastjórar voru spurðir hverjir tækju þátt í kerfisbundnu mati leikskólans á árangri og gæðum skólastarfs. Þá kom í ljós að í 5% leikskólanna fer ekkert kerfisbundið mat fram og voru skólastjórar þeirra spurðir hvers vegna það væri ekki gert. Þá kom meðal annars fram að það væri til mat en það væri ekki kerfisbundið. Aðrir báru við tímaleysi en einnig kom fram hjá mörgum að það væri í vinnslu.

Leikskólakennarar taka þátt í kerfisbundnu mati leikskólans í nánast öllum tilvikum þar sem kerfisbundið mat fer fram. Annað starfsfólk leikskólans var einnig mjög líklegt til að taka þátt í matinu en það gerðu 96% þeirra. Þá má sjá að 69% foreldra barna taka þátt í kerfisbundnu mat og börn á leikskólanum taka þátt í 39% tilvika (sjá töflu 18).

Tafla 18. Hverjir taka þátt í kerfisbundnu mati leikskólans á árangri og gæðum skólastarfs, sbr. 18. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Leikskólakennarar	261	98,5%
Annað starfsfólk leikskólans	253	95,5%
Foreldrar barna á leikskólanum	182	68,7%
Börn á leikskólanum	103	38,9%
Aðrir	32	12,1%

Í töflu 18 kemur einnig fram að í 12% tilvika koma aðrir að kerfisbundnu mati og voru leikskólastjórar spurðir hverjir það væru. Í nokkrum tilvikum var um foreldraráð að ræða en einnig komu skólastjórnendur, leikskólaráðgjafi, rekstraraðili, faglegur ráðgjafi og skólaskrifstofa að matinu svo dæmi séu nefnd.

SVEITARFÉLAG

Meirihluti leikskólastjóra eða 86% hafði skilað ársskýrslu til rekstraraðila og sveitarstjórnar eftir að ný lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008 (sjá töflu 19).

Tafla 19. Hefur leikskólastjóri skilað ársskýrslu til rekstraraðila og sveitarstjórnar eftir að ný lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008, sbr. 5. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	240	85,7%
Nei	40	14,3%
Alls	280	100%

Flestir þeirra sem höfðu ekki skilað ársskýrslu til rekstraraðila og sveitarstjórnar eftir að ný lög tóku gildi sögðust ekki hafa gert það vegna þess að ekki hefði verið kallað eftir henni. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um ástæður þess að ársskýrslu hafði ekki verið skilað.

Aldrei verið kallað eftir því.
Ekki hefur verið fram á það af hálfu rekstraraðila.
Ekki hefur verið kallað eftir ársskýrslu en í starfsáætlun kemur flest fram sem ætti að vera í ársskýrslu.
Ekki óskað eftir því. Auk þess tel ég að allar upplýsingar sem fara í þessa skýrslu séu mjög aðgengilegar á heimasíðu skólans.
Ekki verið óskað eftir skýrslu, en fjárhagsáætlun og rekstur er sýnilegur rekstraraðila.
Erum einkarekinn með þjónustusamning og um leið rekstraraðilar.
Hefur skilað skóladagatali.
Leikskólastjóri sendir inn skýrslu mánaðarlega til rekstraraðila. Ársskýrsla, matsskýrsla, starfsáætlun er tilbúin fyrir starfsárið 2009-2010.
Munnleg skýrsla á skólanefndarfundum og umræður.
Vegna álags í starfsmannamálum.

Flestir leikskólar landsins sögðu opinberar reglur um innritun í leikskóla þegar hafa verið settar í viðkomandi sveitarfélagi eða tæp 81%. Rúmlega 4% sögðu að það hefði ekki verið gert og 15% svarenda vissu það ekki (sjá töflu 20).

Tafla 20. Hafa verið settar opinberar reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	226	80,7%
Nei, hvers vegna ekki?	12	4,3%
Veit ekki	42	15,0%
Alls	280	100%

Ýmsar skýringar voru gefnar við því hvers vegna opinberar reglur um innritun í leikskóla hafa ekki verið settar. Nokkrir nefndu að málin væru í vinnslu á meðan aðrir sögðu að ekki væri þörf á því.

Leikskólastjórar voru oftast nefndir sem ákvörðunaraðilar hvað varðar fjölda barna í leikskólanum eða í 56% tilvika. Helmingur nefndi fræðslunefnd/skólanefnd sem ákvörðunaraðila og tæp 40% nefndi sveitarstjórn. Þá sagði tæpur fjórðungur að aðrir aðilar en framangreindir tækju ákvörðun um fjölda barna á leikskólanum (sjá töflu 21).

Tafla 21. Hver tekur ákvörðun um fjölda barna á leikskólanum, sbr. 12. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall af svarendum
Leikskólastjóri	157	56,1%
Fræðslunefnd/skólanefnd	142	50,7%
Sveitarstjórn	108	38,6%
Aðrir	67	23,9%

Ýmsir aðrir aðilar koma að ákvörðun um fjölda barna á leikskólanum eins og dæmin hér fyrir neðan sýna. Leikskólaráð og leikskólasvið eru oft nefnd sem ákvörðunaraðilar sem og þættir líkt og stærð þeirrar byggingar sem viðkomandi leikskóli er staðsettur í.

Bæjarráð hefur lokaorðið.
Bæjarstjóri.
Deildarstjórar.
Eftirspurn foreldra, þar sem leikskóladeildin er val foreldra.
Enn eru í gildi viðmiðin sem giltu áður.

Foreldrar.
Fræðslustjóri, fjármálastjóri.
Hér er fámenni og tekið við ÖLLUM börnum sem þurfa leikskólabörn, okkur vantar helst fleiri!
Í flestum tilfellum eru það leikskólastjóri og leikskólafulltrúi sem eru í samráði um fjölda nemenda og leggja það fyrir fræðslunefnd.
Leikskólaráðgjafi.
Leikskólastjóri í samráði við starfsfólk deilda.
Leikskólastjóri tekur ákvörðun en fræðslustjóri hefur mikil áhrif.
Pólitík.
Ráðgjafar skólaskrifstofu í samstarfi við alla aðila.
Rekstraraðilar leikskólans.
Samvinna leikskólastjóra, skólaskrifstofu og fræðsluráðs.
Skólinn er einkaskóli, skólanefnd gefur upp ákveðinn fjölda rýma og úthlutar leikskólarýmum.
Skrifstofa leikskólasviðs en um samstarf er að ræða.
Staðan er sú að það er ekki búið hér að vinna neitt fast en unnið fram af þessu eftir gömlu reglunum um fm og barnagildi.
Starfsmenn.
Það hefur ekki reynt á að breyta því.

Ný lög um leikskóla sem tóku gildi í júlí 2008 virðast í langflestum tilvikum ekki hafa haft nein áhrif á fjölda barna í leikskólum þar sem tæp 78% leikskólastjóra töldu enga breytingu hafa átt sér stað. Tæp 12% leikskólastjóranna töldu lagabreytingarnar hafa haft fækkun barna í för með sér á meðan rúm 10% töldu þær hafa haft fjölgun barna í för með sér (sjá töflu 22).

Tafla 22. Hefur orðið breyting á fjölda barna í leikskólanum eftir að ný lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Fjölgun	29	10,4%
Engin breyting	218	77,9%
Fækkun	33	11,8%
Alls	280	100%

Af þeim 29 sem sögðu fjölgun hafa orðið á fjölda barna á leikskólanum eftir að ný lög tóku gildi í júlí 2008 sagði rúmur fjórðungur að helsta ástæða fyrir fjölguninni væru breytingar sem tengjast

aðbúnaði. Tæpur fjórðungur sagði ástæðuna þá að breytingar hefðu orðið á aldri barnanna og 10% vísuðu til breytinga á dvalartíma barnanna. Langflestir eða 76% gáfu þó upp aðrar ástæður (sjá töflu 23).

Tafla 23. Hverjar eru helstu ástæður þess að það hefur orðið fjölgun á fjölda barna í leikskólanum?

	Fjöldi svara	Hlutfall af svarendum
Breytingar sem tengjast aðbúnaði s.s. húsnæði eða öðrum búnaði	8	27,6%
Breytingar á aldri barnanna	7	24,1%
Breytingar á dvalartíma barnanna	3	10,3%
Breytingar sem tengjast sérfræðipjónustu	1	3,4%
Breytt samsetning starfsmannahóps	1	3,4%
Aðrar ástæður	22	75,9%

Aðrar ástæður sem nefndar voru fyrir því að að fjölgun hefði orðið á fjölda barna í leikskólanum voru hjá flestum að fjölgun hafði orðið á börnum í sveitarfélaginu. Einnig var nefnt að leikskólinn væri að stækka.

Af þeim 33 leikskólastjórum sem sögðu fækkun hafa orðið á fjölda barna á leikskólanum eftir að ný lög tóku gildi í júlí 2008 sagði rúmur fimmtungur að helsta ástæða fyrir fækkuninni væru breytingar sem tengjast aldri barnanna. Þá sögðu 18% helstu ástæðu fækkunar barna vera að breytingar hefðu orðið á aðbúnaði og 15% að breytingar hefðu orðið á dvalartíma barnanna. Þá sögðu 12% að breytingar hefðu orðið á sérfræðipjónustunni og einn sagði helstu ástæðu fækkunar vera breytt samsetning starfsmannahóps. Flestir, eða 24 af 33, nefndu aðrar ástæður fyrir því að fækkun hafði orðið á fjölda barna á leikskólanum (sjá töflu 24).

Tafla 24. Hverjar eru helstu ástæður þess að það hefur orðið fækkun á fjölda barna í leikskólanum?

	Fjöldi svara	Hlutfall af svarendum
Breytingar á aldri barnanna	7	21,2%
Breytingar sem tengjast aðbúnaði	6	18,2%
Breytingar á dvalartíma barnanna	5	15,2%
Breytingar sem tengjast sérfræðipjónustu	4	12,1%
Breytt samsetning starfsmannahóps	1	3,0%
Aðrar ástæður	24	72,7%

Aðrar ástæður sem nefndar voru fyrir því að fækkun hafði orðið á fjölda barna á leikskólanum voru meðal annars að fækkun hafði orðið á fjölda barna í samfélaginu og ákveðið hafi verið að fækka plássum til að auka við leikrými barnanna.

Í innan við helmingi tilvika (45%) höfðu verið sett samræmd viðmið um fjölda barna og rými í sveitarfélaginu (sjá töflu 25).

Tafla 25. Hafa verið sett samræmd viðmið um fjölda barna og rými í sveitarfélaginu?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	125	44,6%
Nei	155	55,4%
Alls	280	100%

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Nokkrar spurningar snéru að þeirri sérfræðipjónustu sem leikskólarnir höfðu aðgang að, sbr. 21. gr. laga um leikskóla. Allir leikskólarnir höfðu aðgang að sérfræðipjónustu fyrir að minnsta kosti einn þeirra hópa sem spurt var um. Allir leikskólarnir nema tveir höfðu aðgang að sérfræðipjónustu vegna leikskólabarna. Þá höfðu 86% aðgang að sérfræðipjónustu vegna fjölskyldna leikskólabarna og 82% vegna starfsemi leikskólans. Tæp 77% leikskóla höfðu aðgang að sérfræðipjónustu vegna starfsfólks (sjá töflu 26).

Tafla 26. Hefur leikskólinn aðgang að sérfræðipjónustu, sbr. 21. gr. laga um leikskóla vegna leikskólabarna, fjölskyldna leikskólabarna, starfsemi leikskóla og/eða starfsfólks?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Vegna leikskólabarna	278	99,3%
Vegna fjölskyldna leikskólabarna	242	86,4%
Vegna starfsemi leikskóla	229	81,8%
Vegna starfsfólks	215	76,8%

Meirihluta leikskólastjóra eða 84%, taldi sérfræðipjónustu sveitarfélagsins uppfylla þarfir leikskólans fyrir sérfræðipjónustu (sjá töflu 27).

Tafla 27. Uppfyllir sérfræðipjónusta sveitarfélagsins þarfir leikskólans fyrir sérfræðipjónustu, sbr. 21. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	234	83,6%
Nei	46	16,4%
Alls	280	100%

Rúm 16% leikskólastjóra taldi sérfræðipjónustu sveitarfélagsins ekki uppfylla þarfir leikskólans og voru þeir spurðir hvers vegna hún gerði það ekki. Langalgengast ástæðan fyrir því að sérfræðipjónustan uppfyllti ekki þarfir leikskólans var að biðin eftir henni var of löng. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um hvers vegna sérfræðipjónusta sveitarfélagsins uppfyllir ekki þarfir leikskólans að mati leikskólastjóra.

Aðeins að hluta til, og þá aðallega m.t.t. barna.
Beiðnir sendar Fræðslustjóra um sérfræðipjónustu en stundum erfitt að koma nemendum að hjá sérfræðingum.
Ekki er nægur mannaflí á skólaskrifstofu í ráðgjöf við leikskólana.
Ekki að öllu leyti þar sem leikskólinn starfar út frá ákveðinni uppeldisfræði. Leitum útfyrir þjónustu sveitarfélagsins.
Ekki er boðið upp á stuðning/sérfræðipjónustu vegna starfsemi leikskóla og starfsfólks nema þegar sérfræðingar koma með ráðleggingar varðandi vinnu með einstaka barni. Það er ekki starfandi leikskólafulltrúi eða sambærilegur ráðgjafi í okkar annars litla sveitarfélagi. Einnig segir í 21. grein að hægt er að skipuleggja/veita þessa þjónustu þegar þörf er á en hér hefur ekki verið þörf fyrir slíka þjónustu og ekki reynt á sveitarfélagið að finna slíka þjónustu.

Ekki er starfandi leikskólafulltrúi í sveitarfélaginu. Enginn sérkennsluráðgjafi er starfandi né heldur sérkennslustjóri innan leikskólanna.
Ekki fullnægjandi mætti vera markvissari og fjölbreyttari.
Ekki hvað varðar stuðning við starfsemi leikskólans.
Ekki talmeinafræðingur í vetur.
Enginn sálfræðingur né leikskólaráðgjafi.
Erfitt að fá utanað komandi þjónustu t.d. talkennslu og er hún mjög dýr fyrir foreldra
Hjá sérfræðiþjónustunni starfa einungis sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi með grunnskólamenntun.
Margt gott gert en sérfræðingar eru fáir og ekki á víðtæku sviði.
Mættu vera fleiri aðilar sem sinna ráðgjöf, einnig mætti vera til meira fjármagn til sérkennslu innan leikskólanna.
Óskýrt ferli og illa skilgreint hlutverk.
Vantar að sérfræðingar vinni með börnin eftir greiningar.
Vantar fleira fólk til starfa.
Vantar stuðning við starfsfólk og starfsemi leikskólans.
þarf meiri stuðning við starfsfólk.
Þjónustan er mjög takmörkuð vantar aukna þjónustu við kennara og að hún sé í skólanum.
Þjónustan felst mest í greiningu og ráðgjöf, vantar eftirfylgni og þjálfun og markvissari aðgerðir til lengri tíma litið

Í 81% tilvika var sérfræðiþjónustan rekin sameiginlega fyrir leik- og grunnskóla. Einn leikskólastjóri svaraði ekki spurningunni og því er samanlagður fjöldi svarenda 279 (sjá töflu 28).

Tafla 28. Er sérfræðiþjónusta rekin sameiginlega fyrir leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	227	81,4%
Nei	52	18,6%
Alls	279	100%

Rúm 75% leikskólastjóranna sögðu að það væri starfandi sérfræðingur í leikskólamálaum á vegum sveitarfélagsins sem sinnti ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun, eftirliti með starfsemi leikskólans, sem stuðlaði að samstarfi leikskóla og/eða sem stuðlaði að samstarfi við grunnskóla. Fjórðungur sagði að það væri ekki sérfræðingur á vegum sveitarfélagsins sem sinnti framangreindum málaflokkum (sjá töflu 29).

Tafla 29. Er starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins, sbr. 23. gr. laga um leikskóla sem sinnir ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun, eftirliti með starfsemi leikskólans, sem stuðlar að samstarfi leikskóla og/eða stuðlar að samstarfi við grunnskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	210	75,3%
Nei	69	24,7%
Alls	279	100%

Spurt var hvaða hlutverki starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins gegndi. Tæp 90% leikskólastjóra sögðu sérfræðing á vegum sveitarfélagsins sinna eftirliti með starfsemi leikskólans og 81% sögðu hann veita ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun. Þá voru um 73% sem sögðu hann stuðla að samstarfi leikskóla og 62% að hann stuðlaði að samstarfi við grunnskóla (sjá töflu 30).

Tafla 30. Hvaða hlutverki gegnir starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins, sbr. 23. gr. laga um leikskóla?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Sinnir eftirliti með starfsemi leikskólans	186	88,6%
Veitir ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun	170	81,0%
Stuðlar að samstarfi leikskóla	154	73,3%
Stuðlar að samstarfi við grunnskóla	130	61,9%

Leikskólastjórnarnir voru spurðir hvaða menntun starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins hefði. Flestir eða 66% sögðu sérfræðing vera leikskólakennara með framhaldsmenntun. Rúm 12% sögðu hann hafa aðra menntun en þá sem gefin var upp í fyrirframgefnum svarmöguleikum (sjá töflu 31).

Tafla 31. Hvaða menntun hefur starfandi sérfræðingur í leikskólamálu á vegum sveitarfélagsins?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Sérkennari	14	6,7%
Leikskólakennari	13	6,2%
Leikskólakennari með framhaldsmenntun	138	66,0%
Grunnskólakennari	9	4,3%
Leik- og grunnskólakennari	9	4,3%
Önnur menntun	26	12,4%
Alls	209	100%

Önnur menntun sérfræðings í leikskólamálu á vegum sveitarfélagsins var meðal annars félagsráðgjöf, félagsfræði og sálfræði. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um þá menntun sem sérfræðingar voru með.

Félagsfræðingur.
Félagsráðgjafi.
Framhaldskólakennari.
Grunnskólakennari með master.
Grunnskólakennari og þroskaþjálfari.
Leikskólasérkennari.
Leikskólakennari, sérkennari með framhaldsmenntun.
Margir sérfræðingar.
Master í stjórnun.
Sálfræðingur - félagsfræðingur.
Þroskaþjálfari.

Þátttakendur fengu tækifæri í lokin til að skrifa opið ef þeir vildu koma einhverju á framfæri varðandi einstök atriði nýrra laga um leikskóla. Hjá nokkrum kom fram að löggin næðu ekki nægilega vel yfir samrekstur leik- og grunnskóla og í því sambandi var talað um að erfitt hefði verið að svara sumum spurningum könnunarinnar. Þá minnst nokkrir á að slæmt hefði verið að missa viðmið um barnagildi úr lögunum og að sveigjanleiki í nýju lögunum varðandi barnafjölda gæti frekar verið nýttur rekstraraðilum í hag en ekki börnunum. Eftirfarandi eru fleiri dæmi um hverju leikskólastjórnir vildu koma á framfæri varðandi nýju löggin.

Að tekið sé meira tillit til aldurs barnanna og lengdar dvalartíma þeirra.
Ákveðnar áhyggjur fylgja því að vera í fámennum leikskóla í fámennu sveitarfélagi þegar setja á reglur um rými fyrir börnin í leikskólanum.
Bið spennt eftir nýrri aðalnámskrá.
Ég get ekki sagt að ég þekki lögin sérstaklega vel. En mér finnst þau góð, metnaðarfull og ættu að hafa áhrif til bættis starfs á öllu landinu.
Ekki sátt við lengd ráðningaferils leikskólakennara í leikskólana og einnig finnst mér að 2/3 starfsmanna á deild sem skilyrði of mikið, það er nóg að 1/3 sé leikskólamenntaður. Allt ráðningaferli orðið erfiðara og meiri líkur á að við missum út stöðugleika í starfsmannahaldi í kjölfar þessara laga. Við útskrifum ekki nógu marga leikskólakennara til að uppfylla 2/3 regluna og því mun óvissa og óöryggi verða í starfsmannhópnum þegar frá líður gildistöku þessara laga.
Er ánægð með lögin eins og þau eru. Að mínu mati eru breytingarnar á lögnum í takt við þær breytingar sem orðið hafa á starfi leikskólans frá því eldri lögin voru sett.
Ég er óánægð með reglugerðina sem fylgir lögnum og óttast að vægi kennara í starfsmannahópnum geti minnkað vegna 2/3 ákvæðisins í reglugerðinni. Reglugerðin er heldur ekki nógu afgerandi í að skilgreina barnafjölda enda hefur álag í leikskólum ekki minnkað í kjölfar reglugerðarinnar. Lögin í heild eru tímasekkja og í mínum augum eru þau frekar framtíðarsýn en lagabálgur sem á að innramma starfsemi leikskóla.
Ég er ósátt við að kennaramenntun hafi verið hækkuð í 5 ár í stað þriggja til að fá leikskólakennarapróf. Hrædd við að þessi sveigjanleiki um fjölda barna verði ekki nýttur börnum í hag heldur rekstraraðila. Gæta þarf þess að sameining skóla verð ekki eingöngu á forsendu hagræðingar í rekstri heldur horft á starfsskilyrði kennara og barna. Finnst lögin vera draumsýn byggð á 2007 hugsuninni en ekki framtíðarsýn sem árið 2010 boðar.
Ég er sérstaklega ánægð með 29. grein um þróunarleikskóla.
Ég tel að þessi lög hafi fært margt til betri vegar s.s. foreldraráðið og hvernig bent er á eftirlitsskyldu sveitarfélaganna/rekstraraðila.
Fagna því að búið sé að setja í lög að persónuupplýsingar sem varða velferð og aðlögun barnsins, skuli fylgja því á milli skóla og skólastiga. Finnst mjög brýnt að reglugerð um sérkennslu líti dagsins ljós sem fyrst og að hún taki virkilega mið af því að tryggja börnum með frávik í þroska og hegðun nægan stuðning í daglegu starfi svo hægt sé að fylgja þeim eftir í daglegu starfi, svo raunverulega sé hægt sé að tryggja þeim farsæla framtíð. ADHD og frávik í hegðun eru mjög vanmetnir þættir hvað varðar forvarnir/sérkennslu.
Foreldraráð kom með tillögu að fresta því að ljúka endurgerð skólanámskrár þar til ný aðalnámskrá væri komin út.
Frábært að foreldrar eru samábyrgir leikskólanum og geta haft áhrif á skólanámskrá og verið stuðningur við leikskólann.
Hefði viljað sjá starfsfólk með þekkingu á mati og skólaþróun ráðið til sveitarfélaga til að innleiða mat.

Hér í fámenninu erum við ánægð með þessi lög og sjáum það að í okkar sveitarfélagi stöndum við okkur ágætlega á mörgum sviðum en erum lakari á öðrum. Það er ágætis markmið að vinna að því að bæta okkur á þeim sviðum.
Hægt hefði verið að spara mikinn tíma ef reglugerðir ráðuneytis væru skýrari og afmarkaðari hvað samrekstur varðar. Einnig þarf að endurskoða kjarasamninga leik- og grunnskólakennara með tilliti til samrekstur þar sem vinnurammi þessara tveggja kennarahópa er gjörólíkur og alls ekki fallinn til þess að auðvelda samvinnu.
Lögin eru að mínu mati mjög opin og hvernig sveitarfélögum tekst að vinna eftir þeim verður fróðlegt að sjá þegar til framtíðar er litið.
Lögin eru ný og við erum að fikra okkur áfram við að sinna öllum atriðum þeirra. Matið á starfi leikskólans situr frekast á hakanum, þó við höfum gert okkur áætlun um það, tíminn er oft naumur í dagsins önn.
Lögin tryggja aðkomu foreldra að innra starfi skólans. Spurning hvort lögin eigi að taka á ábyrgð gagnvart því ef börn slasast á skólatíma.
Mér finnst ekki gott að það sé búið að taka út gömlu barngildin. Á tímum sem þessum getur það bitnað á faglega starfinu í skólanum. Við þurfum að hafa eitthvað viðmið.
Mér finnst ganga hægt að gefa út nýja aðalnámskrá. Hef ekki séð ástæðu til að endurskoða skólanámskrá á meðan beðið er eftir nýrri aðalnámskrá.
Mikilvægt er að lögin verði leikskólanum til framdráttar en ekki tæki til að skera niður og fækka starfsmönnum eða minnka leikrými barna.
Mætti vera mikli betri, meiri og markvissari kynning á þessum lögum inn í leikskólana sjálfa til alls starfsfólks.
Nokkur breytt frá fyrri lögum. Meira í anda samvinnu og vonandi barnvænni ef viðkomandi sveitarfélag vill túlka þau sem svo.
Ný lög um margt góð og setja í nauðsynlegt samhengi /feril ákveðin mál, t.d. upplýsingaskyldu milli skólastiga. Varðandi sérfræðiþjónustu finnst mér erfitt að bera ábyrgð á því að öll börn sem eiga rétt á henni fái hana í leikskólanum - það er ekki á mínu valdi t.d. að tryggja sjúkráþjálfun inn í leikskólann þar sem enginn slíkur starfar á vegum rekstraraðila.
Of almenn hvað varðar ágreiningsmál t.d hvað varðar barnafjölda og rými. Einfalda ekki starf leikskólastjóra, fleiri verkefni
Svolítið erfitt að geta ekki lengur miðað við barngildisútreikninga. Samsetning barnahópsins getur verið svo breytileg og því getur verið flóknara að miða út frá börnum og húsnæði þegar meta á hvenær er orðið fullt í leikskólanum. Meira huglægt mat, engin regla.
Varðandi 12. grein laga hef ég haft efasemdir. Erfitt getur verið fyrir leikskólastjóra sem starfar einn í sveitarfélagi að verja mál sitt ef sveitarstjórn ætlar í sparnað og er ekki sammála leikskólastjóra varðandi fjölda barna. Hef lent í miklum erfiðleikum með að verja mitt mál en gat þá notað barngilda útreikninga. Hef þó ekki lent í neinu núna. Er í mjög góðu samstarfi við núverandi bæjarstjóra, en veit ekki hvernig verður með nýja sveitarsjórn, þar sem sveitarfélagið er ekki búið að setja sér vinnureglur varðandi þetta mál.
Vegna mikillar nálægðar og stærðar sveitarfélagsins þá eru ýmsir þættir sem tengjast lögum oft flóknir í framkvæmd eða gleymast t.a.m. sakaskrá í starfsmannaráðningum.

Vona að með niðurfellingu barngilda verði ekki hægt að þrýsta á leikskólastjóra að taka inn ótakmarkað af börnum þó eftirspurnin verði mikil.

Það er áhyggjuefni að búið sé að opna á að það þurfi ekki allir sem starfa í leikskólum að vera með menntun leikskólakennara. Þetta veitir sveitarfélögum þann rétt að stöðva ráðningar fagfólks. Eins er áhyggjuefni að ekki sé skilgreint hversu litlir skólar þurfa að vera til að einn stjórnandi stýri bæði leik- og grunnskóla. Þetta opnar á að slegið sé saman stórum skólum þar sem eingöngu er horft til sparnaðar.

Það er fagnaðarefni að taka eigi tillit til aðstæðna á hverjum leikskóla fyrir sig hvað varðar fjölda barna, en ekki einungis ákvarðað af barngildum líkt og áður. Þó er ákveðin hræðsla við það að meira frjálsræði verði notað af rekstraraðilum til fjölgunar barna á deildum.

Það hefur lítið breyst við þessi nýju lög nema hvað stofnað hefur verið foreldraráð þar sem fimm foreldrar sitja.

Það mætti vera skýrar ákvæðið um samrekstur leikskóla. Okkur finnst þetta varhugavert vegna þess að þetta getur skapað ósamræmi í kennslu og rekstri. Það eigi að vera skýrar um hvaða fjölda nemenda er verið að ræða. Þar sem starfssvið leikskólastjóra og skólustjóra er frekar ólíkt er ekki hægt að líkja þessum störfum saman. Einnig er verið að setja grunnskólakennara yfir leikskólakennara sem okkur sem leikskólakennurum finnst ekki eigi að vera með tilliti til þarfa leikskólabarna. Til dæmis er 10 deilda leikskólarekstur of mikið fyrir einn leikskólastjóra, þar sem hann sér um foreldravinnu, starfsmannahald og heldur utan um allt faglegt starf og rekstur.

VIÐAUKI - SPURNINGALISTINN

[Allir svara]

1. Fyrir hvaða leikskóla svarar þú þessari könnun?

Vinsamlegast skráðu nafn leikskólans í nefnifalli

[Allir svara]

2. Er starfandi foreldrafélag við leikskólann, sbr. 10. gr. laga um leikskóla?

1 Já

2 Nei, foreldrar hafa ekki óskað eftir aðstoð við stofnun þess >> næst sp.5

3 Nei, hvers vegna ekki? >> næst sp.5

[Þeir sem svara já í spurningu 2]

3. Hver er fjöldi kvenna í stjórn foreldrafélagsins?

Vinsamlegast skráðu 0 í reitinn ef engin kona er í stjórn foreldrafélagsins

[Þeir sem svara já í spurningu 2]

4. Hver er fjöldi karla í stjórn foreldrafélagsins?

Vinsamlegast skráðu 0 í reitinn ef enginn karl er í stjórn foreldrafélagsins

[Allir svara]

5. Er starfandi foreldraráð við leikskólann, sbr. 11. gr. laga um leikskóla?

1 Já

2 Nei, er með undanþágu samþykkt af sveitarfélagi >> næst sp.10

3 Nei, hvers vegna ekki? >> næst sp.10

[Þeir sem segja já í spurningu 5]

6. Hver er fjöldi kvenna í foreldraráði?

Vinsamlegast skráðu 0 í reitinn ef engin kona er í foreldraráði

[Þeir sem segja já í spurningu 5]

7. Hver er fjöldi karla í foreldraráði?

Vinsamlegast skráðu 0 í reitinn ef enginn karl er í foreldraráði

[Þeir sem segja já í spurningu 5]

8. Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur, sbr. 11. gr. laga um leikskóla?

1 Já

2 Er í vinnslu

3 Nei, hvers vegna ekki?

[Peir sem segja já í spurningu 5]

9. Hver eru helstu verkefni foreldraráðs?

Vinsamlegast athugaðu að merkja má við fleira en eitt svar

- 1 Að gefa umsögn um skólanámskrá
- 2 Að gefa umsögn um starfsáætlun
- 3 Annað, hvað?

[Allir svara]

10. Hvernig leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla, sbr. 9. grein laga um leikskóla? Vinsamlegast athugaðu að merkja má við fleira en eitt svar

- 1 Reglubundin túlkabjónusta
- 2 Túlkur kallaður til þegar á þarf að halda
- 3 Þýðing á bæklingum og öðru prentuðu efni frá leikskólanum
- 4 Upplýsingar á heimasíðu eru á fleiri en einu tungumáli
- 5 Annað, hvað?
- 6 Ekkert er gert í tengslum við samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál
- 7 Þarf ekki vegna þess að allir foreldrar tala íslensku og ekkert foreldri notar táknmál

[Allir svara]

11. Hefur leikskólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað, sbr. 7. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?

[Allir svara]

12. Er við ráðningu starfsfólks óskað eftir sakavottorði eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 6. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já, óskað er eftir sakavottorði
- 2 Já, óskað er eftir heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá
- 3 Nei, hvers vegna ekki?

[Allir svara]

13. Hver er menntun skólastjóra leikskólans, sbr. 6. gr. laga um leikskóla?

- 1 Leikskólakennari
- 2 Grunnskólakennari
- 3 Leik- og grunnskólakennari
- 4 Önnur menntun, hvaða?

[Allir svara]

14. Hvenær lauk síðustu endurskoðun skólanámskrár leikskólans, sbr. 14. gr. laga um leikskóla?

- 1 Fyrir 2005
- 2 Skólaárið 2005-2006
- 3 Skólaárið 2006-2007
- 4 Skólaárið 2007-2008
- 5 Skólaárið 2008-2009
- 6 Skólaárið 2009-2010
- 7 Skólanámskrá er ekki til, hvers vegna ekki? >> næst sp. 17

[Þeir sem svara lið 1-6 í spurningu 14]

15. Hvenær er næsta endurskoðun skólanámskrár skólans fyrirhuguð?

- 1 Skólaárið 2009-2010
- 2 Skólaárið 2010-2011
- 3 Skólaárið 2011-2012
- 4 Skólaárið 2012-2013
- 5 Skólaárið 2013-2014
- 6 Síðar

[Þeir sem svara lið 1-6 í spurningu 14]

16. Hefur skólanámskrá verið kynnt fyrir foreldrum, sbr. 14. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?

[Allir svara]

17. Er samstarf milli leik- og grunnskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já, hvernig er samstarfinu háttað?
- 2 Nei, hvers vegna ekki?

[Allir svara]

18. Er í skólanámskrá gerð grein fyrir samstarfi milli leikskólans og grunnskóla, sbr. 16. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?
- 3 Skólanámskrá er ekki til

[Allir svara]

19. Birtir leikskólinn opinberlega upplýsingar um eftirfarandi, sbr. 18. gr. laga um leikskóla:

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Innra mat sitt
- 2 Tengsl innra mats við skólanámskrá
- 3 Áætlanir um umbætur
- 4 Ekkert af ofangreindu. Hvers vegna ekki?

[Allir svara]

20. Hverjir taka þátt í kerfisbundnu mati leikskólans á árangri og gæðum skólastarfs, sbr. 18. gr. laga um leikskóla?

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Leikskólakennarar
- 2 Annað starfsfólk leikskólans
- 3 Börn á leikskólanum
- 4 Foreldrar barna á leikskólanum
- 5 Aðrir, hverjir?
- 6 Ekkert kerfisbundið mat fer fram. Hvers vegna ekki?

[Allir svara]

21. Hefur leikskólastjóri skilað ársskýrslu til rekstraraðila og sveitarstjórnar eftir að ný lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008, sbr. 5. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?

[Allir svara]

22. Hafa verið settar opinberar reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?
- 3 Veit ekki

[Allir svara]

23. Hver tekur ákvörðun um fjölda barna á leikskólanum, sbr. 12 gr. laga um leikskóla?

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Leikskólastjóri
- 2 Fræðslunefnd/skólanefnd
- 3 Sveitarstjórn
- 4 Aðrir, hverjir?

[Allir svara]

24. Hefur orðið breyting á fjölda barna í leikskólanum eftir að ný lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008?

- 1 Fjölgun
- 2 Engin breyting >> næst sp. 26
- 3 Fækkun

[Þeir sem svara 1 eða 3 í spurningu 24]

25. Hver eða hverjar eru helstu ástæður þess að breytingar hafa orðið á fjölda barna í leikskólanum?

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Breytingar á dvalartími barna
- 2 Breytingar á aldri barna
- 3 Breytingarnar tengjast sérfræðiþjónustunni
- 4 Samsetning starfsmannahóps
- 5 Breytingarnar tengjast aðbúnaði s.s. húsnæði eða öðrum búnaði
- 6 Annað – hvað?

[Allir svara]

26. Hafa verið sett samræmd viðmið um fjölda barna og rými í sveitarfélaginu?

- 1 Já
- 2 Nei

[Allir svara]

27. Hefur leikskólinn aðgang að sérfræðiþjónustu, sbr. 21. gr. laga um leikskóla, vegna:

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Leikskólabarna
- 2 Fjölskyldna leikskólabarna
- 3 Starfsemi leikskóla
- 4 Starfsfólks
- 5 Enginn aðgangur að sérfræðiþjónustu >> næst sp. 30

[Þeir sem svara lið 1-4 í sp. 27]

28. Uppfyllir sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins þarfir leikskólans fyrir sérfræðiþjónustu, sbr. 21. gr. laga um leikskóla?

- 1 Já
- 2 Nei, hvers vegna ekki?

[Þeir sem svara lið 1-4 í sp. 27]

29. Er sérfræðiþjónusta rekin sameiginlega fyrir leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu?

- 1 Já
- 2 Nei

[Allir svara]

30. Er starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins, sbr. 23. gr. laga um leikskóla sem:

Vinsamlegast merktu við allt sem við á

- 1 Veitir ráðgjöf við nýbreytni og skólaþróun?
- 2 Sinnir eftirliti með starfsemi leikskólans?
- 3 Stuðlar að samstarfi leikskóla?
- 4 Stuðlar að samstarfi við grunnskóla?
- 5 Það er ekki starfandi sérfræðingur sem sinnir ofangreindum málaflokkum >> næst sp. 32

[Allir svara]

31. Hvaða menntun hefur starfandi sérfræðingur í leikskólamállum á vegum sveitarfélagsins?

- 1 Sérkennari
- 2 Leikskólakennari
- 3 Leikskólakennari með framhaldsmenntun
- 4 Grunnskólakennari
- 5 Leik- og grunnskólakennari
- 6 Önnur menntun, hvaða?

[Allir svara]

32. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri og varðar einstök atriði nýrra laga um leikskóla?